

Aðalfundur Hestamannafélagsins Hornfirðings

Haldinn að Stekkhól, kl. 20:30, sunnudaginn 30. nóvember 2014.

Á fundinn mættu um 10 manns.

Formaður Bryndís Hólmarsdóttir bauð fundarmenn velkomna á fundinn. Því næst gerði hún tillögu um að Lena Hrönn Marteinsdóttir yrði fundarstjóri og Pálmi Guðmundsson fundarritari. Fundarstjóri tók til starfa og bauð fundarmenn velkomna. Fundarstjóri fór yfir dagskrá fundarins og gekk síðan til dagskrár. Fundarstjóri spurði, hvort það væri einverjir nýjir félagar, að ganga í félagið á fundinum og þeir voru, Hlynur Guðmundsson, Þórhildur Sara Árnadóttir, Árni Björn og Jón Óli Sigurbergssynir.

Skýrsla stjórnar hestamannafélagsins Hornfirðings. Bryndís Hólmarsdóttir formaður flutti skýrslu stjórnar. "Árið var frekar rólegt, stjórnin fundaði eftir þörfum. Það var helst útreiðanefnd sem hélt sínu striki þetta árið. Haldið var félagsmót í júní sem einnig var úrtaka fyrir landsmót, tókst það með ágætum. Útreiðanefnd stjórnar þákaútreið sem gekk vel, þó að veðrið hafi ekki verið uppá marga fiska, þá tóku margir hestar og knapar þátt.

Unnið hefur verið í rafmangi í reiðhöllinni að því leiti að aðgangskerfi er alveg að verða tilbúið. Sett voru hlið við Laxá og á Öddastíginn og hefur það gengið sæmilega að halda þeim lokuðum. Búið er að kaupa efni til að setja í loftið á Stekkhól og eru ljós í pöntun. Mörg samtöl hafa farið fram við starfsmenn áhaldahúss um girðingu með fram vegi og varðandi lífrænegáminn og ganga hlutir hægt.

Hestamannafélagið Freyfaxi er búin að gefa út opinbera tilkynningu um fjórðungsmót næsta sumri, verður það haldið 2. til 5. júlí .

Ég mun ekki gefa kost á mér aftur sem formaður félagsins enda komið að því að aðrir taki við, er ekki sagt nýir sópar sópa best. Þessi tími sem formaður hefur verið skemmtilegur, ekki auðveldur en mjög lærdómsríkur, ég vil þakka öllum félögum ánægjulegt samstarf á þessum 5 eða 6 árum."

Porbjörg fór yfir helstu tölur í ársreikningi félagsins fyrir síðasta starfsár. Rekstrartekjur, alls kr. 3.284 þús. sem eru, félagsgjöld kr. 472 þús. tekjur af félagsmótum kr. 366 þús., tekjur af lóttói kr. 370 þús., styrkur frá Vegagerðinni v/reiðvega kr. 2 millj., aðrir styrkir og framlög 25 þús. og vaxtatekjur 51 þús. Rekstrargjöldin voru alls kr. 3.306 þús., sem skiptist með eftirfarandi hætti, árgjaldi til LH kr. 281 þús., Landsmót, kr. 56 þús., almennur rekstrarkostnaður kr. 106 þús., kostnaður vegna móta kr. 223 þús., rekstur húss og vallar kr. 2.605 þús. og vaxtagjöld kr. 35 þús. Tap samtals upp á kr. 22 þús. Eignir félagsins voru samtals kr. 12.929 þús. sem skiptast í fastafjármuni samtals kr. 10.183 þús., húseign við Stekkhól, veltufjármunir samtals 2.746 þús, sem skiptist í inneign í Landsbankanum kr. 414 þús., Sparisjóð Hornafjarðar kr. 2.330 þús. Eigið fé í árslok er tæpar kr. 12.929 þús. Félagið er skuldlaust. Porbjörg fór einnig yfir frekari sundurliðanir með ársreikningi. Fundarstjóri gaf orðið laust um reikningana og gjaldkeri svaraði fyrirspurnum jafnóðum.

Næst á dagskrá var ákvörðun árgjalds: Samþykkt óbreytt frá fyrra ári, kr. 8.000 og 14.000 fyrir hjón. Frítt fyrir börn, unglunga og ungmenni til 18 ára aldursárs.

Kosningar: Bryndís Hólmarsdóttir formaður hafði lokið kjörtíma sínum og gaf ekki kost á sér áfram. Tillaga kom um Pálma Guðmundsson sem formann og hann var einn í kjöri og því sjálfkjörin. Þá var komið að því að kjósa ritara til eins árs í stað Pálma, sem átti eftir eitt ár af sínum kjörtíma sem ritari. Tillaga kom um Gunnar Þorsteinsson frá Reyðará og var

hann einnig sjálfkjörinn í embætti ritara. Þorbjörg Gunnarsdóttir gjaldkeri hafði lokið kjörtíma sínum og gaf ekki kost á sér áfram. Tillaga kom um Lenu Hrönn Marteinsdóttur og var hún sjálfkjörin í embætti gjaldkera. Páll Guðmundsson meðstjórnandi á eitt ár eftir af kjörtíma sínum. Þá var komið að því að kjósa meðstjórnanda til eins árs, og kom tillaga um Janine Arens og hún var sjálfkjörin í embættið. Ásmundur Ásmundsson hafði lokið kjörtíma sínum sem varamaður í stjórn og gaf kost á sér áfram og var því sjálfkjörinn sem varamaður til eins árs. Einnig kom tillaga um Ingu Stumpf á Dynjanda í embætti varamanns til eins árs og var það samþykkt mótatkvæðalaust. Þá var komið að kosningu tveggja endurskoðenda og tillaga kom fram um Vilborgu Jónsdóttur í Bjarnanesi og Bryndís Hólmarsdóttir gaf einnig kost á sér. Þetta var samþykkt með lófaklappi.

Nokkur umræða var um starf nefnda og auglýst var eftir tilnefningum. Eftir nokkrar umræður var stjórn falið að fylgja málinu eftir og tryggja að starfsemi deildana fari af stað.

Eftirtaldir aðilar voru skráðir þannig í nefndir á síðasta aðalfundi þann 29. desember 2013.

Mótanefnd: Lena, Jóna, Brynja, Snæsa og Ásmundur.

Vallarnefnd: Olgeir, Torfi, Magnús,

Útreiðarnefnd: Jón Finns, Geir Þorsteins, Venni og Eyjalín.

Æskulýðsnefnd: Ómar Ingi, Bryndís, Pálmi, Ásmundur, Eyjalín, Rakel, Helga

Veitinganefnd: Ákveðið að fá mótanefnd til að tilnefna fólk í veitingar þegar viðburðir eru í gangi.

Fjáröflunarnefnd: Sigurbergur, Bjarney,

Undir liðnum önnur mál kynnti Snæbjörg Guðmundsdóttir, (Snæsa) fyrirhugað reiðnámskeið fyrir börn og unglinga á grunnskólastigi og hyggst hún byrja með námskeið í reiðhöllinni strax í janúar og verður námskeiðið auglýst núna í desember í Eystrahorni. Snæsa hefur kynnt sér sambærileg reiðnámskeið upp á Héraði og hefur hún unnið að málinu í samráði við skólamálayfirvöld sveitarfélagsins. Fundarmenn voru mjög ánægðir með framtak Snæsu enda löngu tímabært að koma á slíku námskeiði fyrir börn og unglinga. Ýmiss önnur mál komu til umræðu eins og reiðhöllin, girðingar, land í eigu hestamannafélagsins ofl. ofl.

Pálmi þakkaði fráfaraði stjórnarmönnum, Bryndísi og Þorbjörgu fyrir ánægjulegt samstarf um árabíl í stjórn Hornfirðings. Hann sagði að þær væru að skila góðu búi. Hestamannafélagið er skuldlaust, búið er að vinna mikið og gott starf við að koma reiðhöllinni í öruggt skjól, og tryggja um leið aðgengi og afnotarétt hestamanna, að íþróttamannvirki til jafns við aðrar íþróttagreinar í sveitarfélaginu. Hann óskaði þeim, fyrir hönd hestamannafélagsins, allra heilla í framtíðinni og vonaðist eftir því að fá að sjá þær í hnakknum í vetur og að hestamannafélagið mætti áfram njóta krafta þeirra.

Pálmi sagði að framundan væri krefjandi, en spennandi verkefni, fyrir nýja stjórn, að auka nýliðun og skapa skemmtilegar aðstæður fyrir unnendur íslenska hestsins í Hornafirði.

Fundarstjóra og fundarritara var falið að ljúka við fundargerð og undirrita hana og birta síðan á heimasíðu félagsins. Fleira var ekki gert, fundarstjóri þakkað fundarmönnum fyrir fámennan en góðan aðalfund og sagði fundi slitið.